**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 148/2005**

**frá 2. desember 2005**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005 ([1]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/545/EB frá 8. júlí 2004 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 79 Ghz til notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB frá 17. janúar 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5cp (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004) í XI. viðauka við samninginn:

„5cq. **32004 D 0545**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/545/EB frá 8. júlí 2004 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 79 Ghz til notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 241, 13.7.2004, bls. 66).

5cr. **32005 D 0050**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB frá 17. janúar 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/545/EB og 2005/50/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 41 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 26.
([2]) Stjtíð. ESB L 241, 13.7.2004, bls. 66.
([3]) Stjtíð. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.